

Reykjavík, 7. desember 2018
R18090138
430

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármálastjóri

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um afnám skilyrða um að foreldrar séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið til að fá leikskólavist

Á fundi borgarráðs þann 20. september sl. var svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands lögð fram ásamt greinargerð:

Lagt er til að Reykjavíkurborg afnemi skilyrðin um að foreldrar séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda, sem skilyrði fyrir leikskóladvöl barna.

Óskað var eftir umsögn fjármálaskrifstofu um tillöguna.

Það er markmið innheimtulegna Reykjavíkurborgar, sem samþykktar voru í borgarráði þann 21. september 2017, sbr. 1. gr. þeirra að: samræma innheimtuaðferðir og tryggja jafnræði við innheimtu og meðferð krafna, samræma gjalddaga og eindaga á kröfum, efla innheimtuárangur og draga úr vanskilum og kostnaði vegna vanskila og samræma verklaga og vinnuferla til að tryggja skilvirkni og kostnaðarhagkvæmni. Í innheimtulegum Reykjavíkurborgar segir í kafla 4, nánar tiltekið í 7. mgr. í grein 4.4 segir: „*Almennar kröfur vegna þjónustu sem ekki hafa verið greiddar innan 110 daga frá gjalddaga skulu leiða til uppsagnar á þjónustunni með tíu daga fyrirvara. Skal þetta fyrirkomulag vera sýnilegt í auglýstum skilmálum þjónustunnar.*“

Af framangreindu má ráða að það innheimtufyrirkomulag sem notast er við við innheimtu á leikskólagjaldi hjá Reykjavíkurborg samræmist markmiði innheimtulegnanna þ.e.a.s. að sömu reglur gildi um alla þjónustu Reykjavíkurborgar. Þá telur fjármálaskrifstofa að þær verklagsreglur sem í gildi eru vegna vanskila foreldra/ forsjármanna varðandi þjónustu við börn, dags. 17. desember 2013, veiti foreldrum/ forsjáradilum barna í vanskilum víðeigandi úrræði til þess að unnt sé að bregðast við skuldavanda foreldra/ forsjáradila sem eru í vanskilum við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Fjármálaskrifstofa óskaði jafnframt eftir sjónarmiðum skóla- og frístundasviðs við tillöguna og er umsögn þeirra hjálögð.



Birgir Björn Sigurjónsson
fjármálastjóri

Hjálagt:
Umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. des 2018.